

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 37

26. árgangur

9.5.2019

I	EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
2019/EES/37/01	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1800 frá 29. júní 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 151/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012	1
2019/EES/37/02	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1979 frá 13. desember 2018 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2311	5
2019/EES/37/03	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/103 frá 23. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar nánari útlitun, samræmingu og einföldun sem og styrkingu á tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum	7
2019/EES/37/04	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1078 frá 30. júlí 2018 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2018 til 29. september 2018 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga	17
II	EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
III	ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1979****2019/EES/37/02****frá 13. desember 2018****um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2311 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr. e,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 531/2012 ættu veitendur landsbundinnar þjónustu, frá 15. júní 2017, ekki að leggja aukagjald, til viðbótar við landsbundna smásöluverðið, á viðskiptavini reikiþjónustu í neinu aðildarríki, fyrir reikisímtal sem reglur eru settar um og tekið er á móti, ef þau símtöl eru innan þeirra marka sem heimiluð eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun.
- 2) Reglugerð (ESB) nr. 531/2012 takmarkar hvers konar aukagjald, sem lagt er á fyrir að taka á móti reikisímtölum sem reglur eru settar um, við vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu.
- 3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2311 ⁽²⁾ er sett fram vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu, sem gildir frá 2018, á grundvelli gildanna í gögnunum frá 1. júlí 2017.
- 4) Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta hefur látið framkvæmdastjórninni í té uppfærðar upplýsingar, sem safnað hefur verið hjá eftirlitsyfirvöldum aðildarríkjanna, um hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma sem lögð voru á í samræmi við 7. og 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ⁽³⁾ og 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB ⁽⁴⁾ á hverjum landsbundnum markaði fyrir heildsölu á lúkningu símtala í talsmáþjónustu í einstökum farsímanetum og um heildarfjöldaðáskrifenda í aðildarríkjum.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 513/2012, reiknað út vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu með því að margfalda hæsta verð fyrir lúkningu símtala í farsíma, sem leyfilegt er í tilteknu aðildarríki, með heildarfjölda áskrifenda í því aðildarríki, leggja það margfeldi saman fyrir öll aðildarríkin og síðan deila heildarútkomunni með heildarfjölda áskrifenda í öllum aðildarríkjunum á grundvelli gildanna í gögnunum frá 1. júlí 2018. Að því er varðar aðildarríki utan evrusvæðisins er viðeigandi gengi meðaltal annars ársfjórðungs 2018 sem er fengið úr gagnagrunni Seðlabanka Evrópu.
- 6) Því er nauðsynlegt að uppfæra gildið fyrir vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2311.
- 7) Því ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2311 úr gildi.
- 8) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 531/2012 skal framkvæmdastjórnin endurskoða árlega vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu er fastsett við 0,0085 evrur á mínútu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 317, 14.12.2018, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2311 frá 13. desember 2017 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2292 (Stjtið ESB L 331 14.12.2017, bls. 39).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2311 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
